

Orka náttúrunnar ohf.
Páll Erland
framkvæmdastjóri
Bæjarhálsi 1
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. janúar 2014
Tilvísun: 2012040008/50.4.3
Verknúmer: 1093000

Efni: Nýtingarleyfi á köldu grunnvatni í landi Nesjavalla, Grímsnes- og Grafningshreppi

Í febrúarmánuði árið 2012 fóru Orkustofnun og Orkuveita Reykjavíkur (OR) yfir stöðu nýtingarleyfa fyrirtækisins á grunnvatni á fundi og með tölvupóstsamskiptum. Var sú yfirferð gerð í framhaldi af því að Orkustofnun tók við fullri ábyrgð af iðnaðarráðuneytinu á stjórnslu vegna laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 í byrjun árs 2012. Niðurstaða þessa samráðs var sú, að OR myndi sækja um nauðsynleg viðbótarleyfi til Orkustofnunar vegna þegar hafinnar og/eða fyrirhugaðrar vatnstöku, m.a. vegna Nesjavallavirkjunar.

Þann 2. ágúst 2012 barst Orkustofnun umsókn frá Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029, (nú vegna Orku náttúrunnar ohf., kt. 521213-0190, dótturfyrirtækis OR) dags. 1. ágúst 2012, þar sem á grundvelli 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, var sótt um leyfi til nýtingar á köldu grunnvatni í landi Nesjavalla, Grímsnes- og Grafningshreppi, á allt að 600 l/s vegna aukinnar dælingar á köldu vatni úr 500 l/s að meðaltali fram til 1998 í 1100 l/s að meðaltali frá borholum í Grámel við Þingvallavatn, auk sjálfrennslis úr lindunum Gilsind og Gróðurhúsaland, u.þ.b. 15 l/s. Óskað var eftir leyfi til ótakmarkaðs tíma. Tekið var fram að hámarksdæling í kuldatíð gæti orðið 1800 l/s.

Óeðlilegur dráttur hefur orðið á skilum umsagna um erindið og afgreiðslu þess, og er Orkuveita Reykjavíkur beðin velvirðingar á því.

Umrædd vatnsnotkun samkvæmt umsókn OR er vegna Nesjavallavirkjunar. Dælt er að meðaltali um 1100 l/s, eða um 1700-1800 l/s frá Grámel miðað við full afköst virkjunarinnar, þannig að um 50% fer til heitavatsframleiðslu, um 40% skila sér í afrennslu á yfirborði í læk og um 10% fer í uppgufun í kæliturnum virkjunarinnar.

Um er að ræða lindir og borholur á brunnsvæði í eignarlandi Orkuveitunnar.

Umsókn Orkuveitunnar fylgdu eftirfarandi skjöl með vísun á heimasiðu OR.:

1. Mat á umhverfisáhrifum, Nesjavallavirkjun. <http://www.or.is/mdia/PDF/Matskylda0410.pdf>
2. Úrskurður skipulagsstofnunar vegna mat á umhverfisáhrifum stækkunar Nesjavallavirkjunar. http://www.or.is/media/PDF/nesjavallavirkjun-4b_urskurdur.pdf

Umsókn Orkuveitunnar fylgdu eftirfarandi skjöl á disk, send Orkustofnun 4. apríl 2012:

1. Grunnvatn við Nesjavallavirkjun, ÍSOR-2011/074, Árni Hjartason og Sigurður Garðar Kristinsson.
2. Staðfesting frá Sjóvá um frjálsa ábyrgðatryggingu OR.
3. Skjöl úr Rekstarahandbók OR: SKI Matvælaöryggisstjórnunarkerfi, LBQ -159 Mikilvægir eftirlitsstaðir.

Handwritten signature: P. Erland

Með vísan til þágildandi 3. mgr. 6. gr. laga, nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu m.s.br., og með vísan til 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 m.s.br., óskaði Orkustofnun umsagnar umhverfisráðuneytisins, þann 7. ágúst 2012 og umsagnar Grímsnes- og Grafningshrepps sama dag um framkomna umsókn OR um nýtingarleyfi vegna vatnsveitu Nesjavallavirkjunar. Jafnframt var vakin athygli á því í bréfi til umsagnaraðila, að samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1998 eru gögn sem afhent eru samkvæmt lögnum bundin trúnaði og var umsagnaraðili beðinn um að virða þann trúnað.

Ekki barst umsögn umhverfisráðuneytis og ekki voru gerðar athugasemdir við umsóknina í umsögn að hálfu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Með vísan til framanritaðs og í samræmi við III. kafla laga, nr. 57/1998, veitir Orkustofnun hér með Orku náttúrunnar ohf., kt. 521213-0190, meðfylgjandi nýtingarleyfi til ársloka 2079 á 1115 l/s að meðaltali, en allt að 1815 l/s í kuldatíð, af grunnvatni úr borholum og lindum í landi Nesjavalla, Grímsnes- og Grafningshreppi, með möguleika á framlengingu leyfisins að leyfistíma loknum.

Gjald vegna veitingar nýtingarleyfisins er kr. 41.500., sbr. 34. tl. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum. Nýtingarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Samkvæmt 33. gr. laga, nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sæta ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögum þessum kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Kristinn Einarsson

Afrit sent til:
Orkuveita Reykjavíkur